

Fundur hófst kl. 8:15

Mætt eru: Ragnhildur Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Vala Garðarsdóttir, Davíð Kjartansson og Árdís Erna Halldórsdóttir.

Skipulagsskráin er staðfest og komin í Nýheima. Hún var lögð fram og Ragnhildur geymir hana í læstri hirslu.

Samþykkt var að kaupa lénið nyheimar.is af Hátíðni hf. Samkvæmt samtali við Sveinbjörn Imsland er kaupverð kr. 41.892.-, en það er útlagður kostnaður af léninu frá árinu 2008. Árdís gengur frá málinu við Sveinbjörn.

Umgengni í húsinu barst til tals og var ítrekað að ekki er leyfilegt að reykja við húsið. Eins er ekki leyfilegt að neyta matar og drykkjar í fyrirlestrarsalnum.

Áfram verður unnið í umsókn til Alþingis um fjárveitingu til reksturs þekkingarsetursins Nýheima áður en hún verður lögð fyrir stjórn.

**Næsti fundur er miðvikudaginn 14. ágúst kl. 8:15**

**Fundi lýkur kl. 8:45**

Ragnhildur Jónsd.  
Eyjólfur Guðmundsson  
Davíð Kjartansson  
Árdís Erna Halldórsdóttir